



BigPicture

# Þróun rafræns námskeiðs í framkvæmd heildræns öldrunarmats fyrir hjúkrunarfræðinga

Sigrún Sunna Skúladóttir, Háskóli Íslands og Landspítali

Elfa þöll Grétarsdóttir, Landspítali; Hlíf Guðmundsdóttir, Háskóli Íslands og Landspítali

Sigrún Bjartmarz, Háskóli Íslands og Landspítali og Ingibjörg Hjaltadóttir, Háskóli Íslands


**Inngangur:** Heildrænt öldrunarmat er fjölbætt mat sem reynst hefur vel við að greina þarfir hrumra og færniskertra eldri einstaklinga. Notkun þess í nærþjónustu hefur leitt til fækkunar legudaga á sjúkrahúsi og dregið úr kostnaði (Nord o.fl., 2022), bætt líkamlega fægni, aukið heilsutengd lífsgæði, lækkað dánartíðni, fækkað sjúkrahúsinnlögnum og aukið ánægju sjúklinga (Hayes o.fl., 2025). Hjúkrunarfræðingar í heilsugæslu og heimahjúkrun gegna þar lykilhlutverki. Þróunarverkefnið „Big Picture“ hlaut veglegan styrk frá Evrópusambandinu í þeim tilgangi að auka þekkingu hjúkrunarfræðinga í grunnþjónustu á framkvæmd heildræns öldrunarmats. Verkefnið er unnið í samvinnu háskóla (6), fyrirtækja sem veita heilbrigðisþjónustu (2) og leikja- og hugbúnaðarþróunarfyrirtækis. Löndin sem taka þátt í verkefninu eru: Finnland sem stýrir verkefninu, Áland, Danmörk, Eistland, Lettland, Grikkland og Ísland.



Mynd frá vinnufundi BigPicture í Reykjavík í mars 2025

**Markmið:** Að þróa nýja námsskrá og námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga til að auka fægni þeirra í að framkvæma heildrænt öldrunarmat

**Staða verkefnisins:** Í Fyrsta fasa verkefnisins var gerð þrjúþætt greining á fræðsluþörfum hjúkrunarfræðinga til að geta framkvæmt heildrænt öldrunarmat (sjá mynd til vinstri). Kerfisbundið fræðilegt yfirlit var framkvæmt, auk delphi rannsóknar og rýnihópavíðtala meðal reyndra hjúkrunarfræðinga í öldrunarþjónustu (Dimitriadou et al., 2025). Í öðrum fasa verkefnisins er kennsluefni búið til, en þeim hluta verkefnisins stýrir íslenska teymið. Námskeiðið er 8 ECTS háskólaeiningar og skiptist í videófyrrilestra, forþjálfun á leikjaformi og síðan klínískt nám. Við gerð námskeiðsins er byggt á gagnreyndum starfsháttum og nýjungum í náms- og kennsluaðferðum, þar á meðal stafrænum aðferðum.



Í lokafasa verkefnisins verður nýtt námskeið forþróað með yfir 200 hjúkrunarfræðingum í þeim löndum sem taka þátt í verkefninu.

**Ályktanir:** Rafrænt og aðgengilegt námskeið í framkvæmd heildræns öldrunarmats eykur þekkingu og fægni hjúkrunarfræðinga í framkvæmd matsins. Námskeiðið getur nýst öllum hjúkrunarfræðingum sem starfa við öldrunarþjónustu. Þessi þekking styður við að fjölveikt eldra fólk, með skerta fægni eða hrumleika fái viðeigandi þjónustu.

## Heimildir:

British Geriatrics Society (2019). Comprehensive Geriatric Assessment Toolkit for Primary Care Practitioners. Retrieved March 2025 from: <https://www.bgs.org.uk/resources/resource-series/comprehensive-geriatric-assessment-toolkit-for-primary-care-practitioners>

Dennehy, K., Lynch, A., Reddin, C., Daly, B., Dukelow, T., Canavan, M., ... & Murphy, R. (2024). How comprehensive is our comprehensive geriatric assessment in clinical practice? An Irish perspective. *European geriatric medicine*, 15(4), 1007-1015.

Dimitriadou, I., Sini, E., Šteinmiller, J., Saridi, M., Lundberg, A., Häger, M., ... & Fradelos, E. C. (2025). Comprehensive Geriatric Health Assessment Core Competencies and Skills for Primary Care Nurses: A Scoping Review. *Geriatrics*, 10(2), 48.

Hayes, C., Yigezu, A., Dillon, S., Fitzgerald, C., Manning, M., Leahy, A., ... & Galvin, R. (2025). Home-Based Comprehensive Geriatric Assessment for Community-Dwelling, At-Risk, Frail Older Adults: A Systematic Review and Meta-Analysis. *Journal of the American Geriatrics Society*.

HSE. (2015). *National Clinical Programme Older People. (2015) Specialist Geriatric Team Guidance on Comprehensive Geriatric Assessment.*

